

Föstudaginn 5. apríl 1974.

Nr. 171/1972: **Sementsverksmiðja ríkisins**
(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn
Jóni E. Vestdal og gagnsök.
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómsendur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.**

Ömerking. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. desember 1972. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. janúar 1973. Er aðalkrafa hans, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 3.643.781.05 auk 1% mán-aðarvaxta af kr. 2.937.689.30 frá 31. ágúst 1968 til 15. janúar 1970 og af kr. 3.643.781.05 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 2.977.416.05 auk 7% ársvaxta af kr. 2.271.-324.30 frá 31. ágúst 1968 til 15. janúar 1970 og af kr. 2.977.-416.05 frá þeim degi til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi þess, að héraðsdómur verði staðfestur, þó svo, að krafist er málskostnaðar í héraði, en að auki er krafist í þessu tilviki málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Sakarefni er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Í máli þessu sækir gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um greiðslu launa, er hann telur sér vangoldin. Stafa þau annars vegar frá tímabilinu 1. júlí 1963 til 1. september 1968, meðan gagnáfrýjandi gegndi starfi forstjóra Sementsverksmiðju ríkisins, og hins vegar frá tímabilinu, er hófst 1. september 1968, eftir

að stjórn aðaláfrýjanda veitti honum lausn um stundarsakir frá starfi að ósk hans, og fram til 15. janúar 1970.

Gögn máls um launakjör gagnáfrýjanda hjá aðaláfrýjanda eru allsendis ófullnægjandi, þ. á m. um launakjör, sem hann skyldi njóta fyrir 1. júlí 1963, er Kjaradómur skipaði starfi hans í launaflokk í launakerfi ríkisstarfsmanna. Yfirlýsingar málsaðilja um þessi efni eru eigi glöggar. Einnig skortir fræðslu um skipti aðilja út af launamálum gagnáfrýjanda eftir 1. september 1968. Rækilega bókhaldskönnun hefði átt að framkvæma á launagreiðslum aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda og leggja fyrir dóm sundurliðaða skýrslu um mismunandi launabætti. Þá hefur launaágreiningur eigi verið borinn undir Kjaranefnd, sbr. 2. og 3. tölulið 24. gr. laga nr. 55/1962, er þá giltu. Málið er í heild sinni svo vanreifað af hálfu beggja málsaðilja, að það er eigi dómhæft. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akraness 15. nóvember 1972.

Mál þetta, sem fyrst var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 11. ágúst s.l., en endurupptekið og frestað og endanlega tekið til dóms á ný 16. október s.l., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 17. janúar 1970, af dr. Jóni E. Vestdal, Reykjavík, gegn Sementsverksmiðju ríkisins, Akranesi, til greiðslu kr. 3.643.781.05 með 1% mánaðarvöxtum af kr. 2.937.689.30 frá 31. ágúst 1968 til 15. janúar 1970 og af kr. 3.643.781.05 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning lagði lögmaður stefnanda fram sundurliðaðan málskostnaðarreikning að fjárhæð kr. 310.000.00.

Stefndi krefst þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður og að honum verði dæmdur málskostnaður, en til ýtrustu vara,

að stefnukröfur verði lækkaðar til verulegra muna og málskostnaður þá látinn niður falla. Lögmaður stefnanda hefur einnig lagt fram málskostnaðarreikning, kr. 305.000.00.

Ítrekaðar sáttatilraunir setudómarans urðu árangurslausar.

Málavextir eru þessir:

Með lögum nr. 35 frá 1948 var Sementsverksmiðja ríkisins stofnuð, og kaus sameinað Alþingi þrjá menn til að skipa stjórn hennar. Það voru Helgi Þorsteinsson, Sigurður Símonarson og stefnandi máls þessa. Samkvæmt 5. gr. laganna skyldi stjórn þessi ráða framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar, sem hafi prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og hlíti að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum. Á 88. stjórnarfundum verksmiðjunnar 17. febrúar 1955 var ákveðið, að stefnandi yrði ráðinn sem framkvæmdastjóri, en síðar yrði samið um launagreiðslur. Var verksmiðjustjórnin og sammála um, að stefnandi segði sig ekki úr stjórninni þrátt fyrir ráðningu þessa. Hinn 7. maí þá um vorið gerði meiri hluti stjórnarinnar síðan ráðningarsamning við stefnanda, svohljóðandi:

„Meiri hluti stjórnar Sementsverksmiðju ríkisins, Helgi Þorsteinsson og Sigurður Símonarson annars vegar og dr. Jón E. Vestdal, verkfræðingur, hins vegar gera með sér svofelldan

ráðningarsamning:

1. gr.

Jón E. Vestdal ræður sig sem framkvæmdastjóri hjá Sementsverksmiðju ríkisins og tekur að sér að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar, þegar hún hefur tekið til starfa. Meðan byggingarframkvæmdir standa yfir, skal hann hafa umsjón með þeim. Hann hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og hlítir að öðru leyti ákvæðum þessa samnings. Þar á meðal ber honum að:

- a) Annast fjárreiður verksmiðjunnar, bankaviðskipti og annað það, sem með þarf á því sviði, að svo miklu leyti sem stjórnin sjálf annast ekki þessi störf.
- b) Hefur yfirumsjón með bókhaldi verksmiðjunnar og skrifstofuvinnu, launagreiðslum og peningavörslu. Skal hann sjá um, að reikningum sé lokið í tæka tíð til þess að fullnægja settum reglum í þessu efni.
- c) Annast innkaup á öllu, sem þarf til verksmiðjurekstursins.

Skal hann kappkosta að ná sem hagkvæmustum kjörum við slík innkaup. Hann skal sjá um, að fasteignir, vörubirgðir og annað lausafé verksmiðjunnar séu jafnan vátryggð fyrir sannvirði, hvort sem er á landi eða í flutningum.

- d) Annast sölu á framleiðsluvörum verksmiðjunnar í samráði við stjórn hennar.
- e) Sér um alla flutninga á vegum verksmiðjunnar, og ber honum að gæta þess, að þeir séu framkvæmdir á sem hagkvæmasta hátt.
- f) Annast ráðningu starfsfólks í samráði við verksmiðjustjórnina.
- g) Framkvæmdastjóra ber að gæta réttinda og hagsmuna verksmiðjunnar í hvívetna og er sjálfkjörinn málsvari hennar, án sérstaks umboðs, í fjarveru stjórnarinnar.

2. gr.

Framkvæmdastjóra er skylt að verja kröftum sínum óskiptum til þeirra starfa, sem honum eru falin með samningi þessum og stjórnin síðar kann að tiltaka. Skal hann rækja störfin af trúmennsku og hagsýni í hvívetna. Hann má ekki reka verslun né aðra atvinnugrein, sem ósamrýmanleg er starfi hans. Hann má engin laun eða hlunnindi taka sjálfum sér til handa í neinni mynd af kaupanda eða seljanda þeirra vara, sem hann fer með. — Ákvæði þessarar greinar ná til hvers þess starfsmanns, sem ráðinn er til að vinna að ofangreindum störfum.

3. gr.

Laun framkvæmdastjórans fara eftir samningi Stéttarfélags verkfræðinga við ríkisstjórnina.

Af launum skv. 1. málsg. þessarar greinar greiði verksmiðjan iðgjald til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eftir sömu reglum og greitt er af launum opinberra starfsmanna, enda greiði framkvæmdastjórinn iðgjald til sjóðsins eftir sömu reglum.

4. gr.

Um lausn úr starfi, orlof og veikindaleyfi gilda ákvæði laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.“

Samningur Stéttarfélags verkfræðinga við ríkisstjórnina rann út árið 1961, án þess að nýr væri gerður, og gerðu verkfræðingar verkfall. Stjórn verksmiðjunnar samþykkti á fundi sínum 6.

nóvember það ár að greiða forstjóra hálfönnur laun það tímabil, sem verkfall verkfræðinga stæði. Upplýst hefur verið, að forstjórinn hafi fengið fyrir venjulegan dagvinnutíma laun yfirverkfræðings samkvæmt kjarasamningi félags þessa með 25% álagi. Árið 1963 stóðu verkfræðingar enn í kjaradeilu, og settu þeir einhliða ráðningarskilmála í júní 1963. Hinn 1. júlí 1963 hófst verkfall verkfræðinga. Þann dag var haldinn stjórnarfundur verksmiðjunnar, og þar skýrði stjórnarformaður m. a. viðhorf vegna verkfallsins. Þá var bókað:

„Var málið rætt og þess farið á leit við forstjóra, að hann héldi rekstri verksmiðjunnar áfram. Lofaði hann að halda rekstri verksmiðjunnar áfram eftir bestu getu viku til viðbótar frá deginum í dag að telja.“

Auk þessa var svohljóðandi bókun gerð sama dag:

„Formaður skýrði frá því, að með samkomulagi ríkisstjórnarinnar og B. S. R. B. hefði forstjóra Sementsverksmiðju ríkisins verið skipað í 26. launaflokk ríkisstarfsmanna. Kvað hann slíka ákvörðun vafasama, þar sem verksmiðjustjórnin ætti lögum samkvæmt að ráða forstjóra verksmiðjunnar og þá sennilega jafnframt að semja um kjör hans. Var málið rætt og formanni falið að fá því framgengt við ráðherra, að ofangreindri skipan forstjóra verksmiðjunnar í launaflokk verði breytt.“

Með dómi Kjaradóms, uppkveðnum 3. júlí 1963, var forstjóra Sementsverksmiðju ríkisins skipað í 26. launaflokk. Stefnandi lýsti því yfir við stjórn verksmiðjunnar, að hann mundi ekki starfa á þessum kjörum. Stjórnarformanni var falið að semja við stefnanda um kjör hans, og kvaðst stefnandi reiðubúinn til slíkra samninga. Það dróst þó, að nýr samningur yrði gerður við stefnanda þrátt fyrir það, að stefnandi veki oft máls á þessu við stjórnarformanninn. Tilraunir stjórnarformanns til þess að fá breytt ákvörðun Kjaradóms um laun forstjórans báru heldur ekki árangur þrátt fyrir viðræður við Kjaradóm um þessi efni og yfirlýstan vilja stjórnarinnar að ákveða sjálf launakjör og fríðindi forstjórans. Af þessum sökum vissi stefnandi ekki nákvæmlega, hver kjör hans voru. Hann gat því ekki gert upp laun sín frá ári til árs, en reyndi að eigin sögn að haga launagreiðslum til sín þannig, að hann mætti gera ráð fyrir inneign hjá verksmiðjunni, þegar endanlegt uppgjör færi fram. Leit hann þannig á allar launagreiðslur til sín sem „a — conto greiðslur“. Þannig gekk fram á árið 1968.

Yfirverkfræðingur, kallaður framleiðslustjóri, var upphaflega ráðinn til verksmiðjunnar. Hann varð að leggja niður vinnu, þeg-

ar Stéttarfélag verkfræðinga fór í verkfall, tvívegis. Þá var um tvennt að ræða, að hætta framleiðslu eða að stefnandi tæki starfið að sér. Verksmiðjustjórnin valdi síðari kostinn. Hið sama gildi, þegar Pétur Sigurjónsson framleiðslustjóri hætti störfum á árinu 1965. Eftir eindregnum tilmælum verksmiðjustjórnarinnar tók stefnandi við starfi hans og bætti við sitt eigið. Þetta átti aðeins að vera um stundarsakir, en stefnandi hafði starf þetta á hendi þar til í ágústlok 1968. Vegna starfsins þurfti stefnandi að vera tiltækur alla daga ársins, hvenær sem var sólarhringsins. Hann kvartaði æ ofan í æ undan þessu við verksmiðjustjórnina. Á þessum árum, einkum árið 1964 til ársins 1967, voru verkefni verksmiðjunnar miklu meiri en endranær, aðallega vegna undirbúnings og smíði m/s Freyfaxa svo og undirbúnings og smíði mannvirkja verksmiðjunnar í Ártúnshöfða. Við þetta lögðust mikil aukastörf á stefnanda og aðra starfsmenn.

Með bréfi, dags. 30. ágúst 1968, bað stefnandi um lausn frá starfi sínu sem forstjóri, meðan opinber rannsókn á skattamálafnum verksmiðjunnar færi fram. Stefnandi fór einnig fram á það við verksmiðjustjórnina, að gengið yrði frá kjaramálum hans, og var ákveðin sú tilhögun á fundi stjórnarinnar að fela tveim mönnum með sérþekkingu, öðrum tilnefndum af stefnanda, en hinum tilnefndum af stefnda, að láta uppi álit sitt á því, hver væru eðlileg laun forstjórans á tímabilinu 1. júlí 1963 til 31. ágúst 1968, en álitid skyldi þó ekki vera bindandi fyrir aðilja. Stefnandi tilnefndi Hinrik Guðmundsson, framkvæmdastjóra verkfræðingafélagsins, og verksmiðjustjórnin tilnefndi af sinni hálfu Hauk Jónsson hæstaréttarlögmann. Þeir skiluðu áliti sínu 14. nóvember 1968, og er það hér í málinu á dskj. nr. 3 ásamt 12 fylgiskjölum. Þeir Hinrik og Haukur urðu sammál um margt, en greindi á um annað, og skiluðu hvor sinni niðurstöðu. Stefnandi og stjórnarformaður ræddu álit þetta sín í milli, og fór stefnandi fram á, að endanlegt uppgjör færi fram. Ákveðið var að halda fund til þess að kanna, hvort unnt væri að ná samkomulagi um launamál stefnanda. Fundurinn var haldinn 3. apríl 1969 á heimili stjórnarformannsins í Borgarnesi, og hittust þar stefnandi, stjórnarformaður og stjórnarmennirnir Jón Árnason og Guðmundur Sveinbjörnsson. Kjaramál stefnanda voru ítarlega rædd og reynt að ná samkomulagi með því að fara bil beggja álitsgefendanna. Mál þetta var ekki rætt á stjórnarfundi í verksmiðjunni, en 9. október 1969 lagði stjórnarformaður álitsgerðina fram á stjórnarfundi og lét þess jafnframt getið, að eðlilegast væri, að dómstólar skæru úr

Þessum ágreiningi. Mánuði áður, 9. september 1969, hafði málshöfðun verið hafin á hendur stefnanda og fleiri starfsmönnum verksmiðjunnar fyrir skattsvik og fleiri skyld brot. 15. janúar 1970 sagði stefnandi starfi sínu lausu að fullu, en höfðaði mál þetta, eins og áður greinir, með stefnu, útgefinni 17. sama mánaðar.

Ásgeir Pétursson, stjórnarformaður Sementsverksmiðjunnar frá árinu 1960, hefur hér fyrir dóminum borið, að honum hafi verið kunnugt um, að stefnandi hafi jafnan lagt á sig mikla vinnu í þágu verksmiðjunnar umfram það, sem ætla mætti, að væri eðlilegur vinnutímafjöldi opinberra starfsmanna. Þó hafi vinnuálag stefnanda aukist sérstaklega á árunum 1966 til 1968, enda hafi stefnandi þá verið eini framleiðsluverkfræðingurinn við verksmiðjuna. Einnig hefur stjórnarformaður borið, að sér hafi þótt ákvörðun Kjaradóms árið 1963 varðandi starf stefnanda óeðlileg, bæði að laun forstjórans skyldu koma undir launalög og einnig að um óeðlilega lágan launaflokk væri að ræða. Einnig hefur stjórnarformaður borið, að hann teldi, að staða stefnanda, eins og henni var háttað á sínum tíma hjá Sementsverksmiðjunni, hafi ekki verið sambærileg við starf verksmiðjustjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins, þar sem þar hafi á þessum tíma starfað tveir framkvæmdastjórar að laun sama verkefnis. Aðspurður kvaðst stjórnarformaður ekki telja, að stefnandi hafi með kvittunum eða á annan hátt fallið frá launakröfum sínum fyrir umrætt tímabil.

Ingi Ragnar Helgason hæstaréttarlögmaður kom fyrir dóminn sem vitni, en hann var í stjórn Sementsverksmiðjunnar á árunum 1961 til 1969. Vitnið bar, að stefnandi hafi á umræddu tímabili unnið mjög langan vinnudag og í sumum tilfellum verið á vakt allan sólarhringinn. Vandkvæði hafi skapast vegna ákvörðunar Kjaradóms 1963 og hafi stjórnarformaður og stjórnin haft uppi mótmæli við iðnaðarráðuneytið á sínum tíma og greint frá því, að aðstaða verksmiðjunnar væri stórum skert, ef ekki mætti bjóða verkfræðingum hennar kjör, sem verkfræðingar í einkarekstri nytu. Einnig minnti vitnið, að stjórn Sementsverksmiðjunnar hefði ákveðið að halda í verkfræðinga á hennar vegum, þótt fara yrði fram úr ákvörðun Kjaradóms um launakjör þeirra, og að ráðuneytinu hefði verið kunnugt um þessa afstöðu verksmiðjustjórnarinnar. Þetta hafi orðið ljóst, þegar verksmiðjustjórnin réð Pétur Sigurjónsson framleiðslustjóra, að stjórnin hafi orðið að ætla honum önnur ráðningarkjör en samkvæmt fyrirmælum Kjaradóms til þess að fá hann í starfið. Vitnið bar og, að stefnandi hafi kvartað yfir

því, að launamál hans væru ófrágengin, og að hann þyrfti að taka laun mánaðarlega án þess að vita, hvað hann endanlega ætti að fá, og stefnandi hafi hvað eftir annað ítrekað óskir sínar um, að frá þessum málum yrði gengið. Fullt samkomulag hafi orðið í stjórninni að fela tveim mönnum að kanna þessi mál til hlítar á grundvelli gamla ráðningarsamningsins og nýrra gagna málinu viðkomandi. Þegar álitserðinni hafi verið skilað, hafi komið í ljós, að höfundar hennar hafi ekki orðið sammála um greiðslufjárhæðir, en sú meginhugsun hafi fæðst í stjórninni, að reyna skyldi sættir, þar sem farið yrði bil beggja. Vitnið hafi heyrt, að samkomulagsgrundvöllur hafi náðst á fundinum á heimili stjórnarformanns, og hafi vitnið tjáð sig í meginatriðum sammála þeirri niðurstöðu og beðið þess, að málið yrði lagt fyrir stjórnina, en það hafi aldrei orðið. Einnig sagði vitnið aðspurt, að það teldi stöðu stefnanda hvergi sambærilega eða hliðstæða stöðu verksmiðjustjóra hjá Áburðarverksmiðjunni, og enn fremur, að það teldi ekki, að stefnandi hafi fallið frá kröfum sínum um laun á umræddu tímabili með kvittunum eða á annan hátt.

Jón Árnason, stjórnarmaður í stjórn Sementsverksmiðjunnar frá byrjun árs 1969, hefur komið fyrir dóminn sem vitni. Vitnið bar, að fundurinn í Borgarnesi hafi verið haldinn til þess að finna grundvöll fyrir hugsanlegu samkomulagi í þessu máli. Hafi vitnið þá áður kynnt sér það, að fyrrverandi stjórnarmenn verksmiðjunnar hafi verið sammála um þá skipun í sambandi við rannsókn þessa máls að tilnefna tvo menn til að reyna að finna, hverjar væru sanngjarnar og eðlilegar kröfur, sem stefnandi ætti á hendur verksmiðjunni. Hafi vitnið talið sér skylt sem stjórnarmanni að vinna að lausn þessa vandamáls. Að áliti vitnisins hafi það verið ætlun þeirra stjórnarmannanna, sem hittu stefnanda í Borgarnesi, að fengnum viðuræðum, að ræða það innan stjórnarinnar, hvort þær tillögur, sem þeir vildu leggja fram til lausnar málinu, næðu samþykki stjórnarinnar. Þegar svo til þess hafi komið, að þeir hafi farið að ræða þetta innan verksmiðjustjórnarinnar, hafi strax komið í ljós, að ekki væri um það að ræða að koma á slíku samkomulagi, sem hlyti einróma samþykki stjórnarinnar. Þá hafi ekki verið um annað að ræða en að dómstólar fjölluðu um málið.

Daníel Ágústínusson, stjórnarmaður í stjórn Sementsverksmiðjunnar frá hausti 1967, hefur komið fyrir dóminn sem vitni. Hefur vitnið borið, að það hafi ekki orðið vart við, að launakjör eða laun stefnanda væru rædd á stjórnarfundum þar til í ágúst 1968. Þá hafi sú tillaga komið frá stefnanda, þegar hann hafi sagt, að

launakjör sín væru ófrágengin, að hann mundi tilnefna framkvæmdastjóra verkfræðingafélagsins og stjórnin mann á móti til að athuga ofan í kjölinn launakjör stefnanda. Vitnið kveðst hafa orðið hissa á þessu, þar sem það hafi ekki vitað annað en launakjör stefnanda væru í ákveðnum og föstum skorðum. Vitnið hafi setið hjá í atkvæðagreiðslu um þessa ákvörðun, þar sem það hafi talið sig vera ókunnugt um málið. Aðspurt sagði vitnið, að það hafi ekki talið, að verksmiðjan ætti að gera nokkuð með álit tvímenninganna, þar sem upplýst hafi verið, eftir að álitnið kom fram, að stefnandi og Sigurður Sigurðsson höfðu skipt á milli sín verkfræðingalaunum fyrrverandi verkfræðings við verksmiðjuna, Péturs Sigurjónssonar, án alls samráðs við stjórnina. Einnig sagði vitnið aðspurt, að vinnutími stefnanda hafi verið eins og vinnutími forstjóra almennt.

Vitnin Ólafur Magnús Vilhjálmsson, Eggert Magnússon og Knútur Ármann hafa fyrir dóminum staðfest vottorð sitt á dskj. nr. 3, fskj. nr. 12, en þar greinir frá vinnutíma stefnanda, þegar hann hefur verið á Akranesi, og sambandi hans við verksmiðjuna um helgar og á öðrum frídögum.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi byggir kröfur sínar alfarið á niðurstöðu Hinriks Guðmundssonar í álitsgerðinni á dskj. nr. 3, en lokatala hans að öllu meðtöldu fyrir tímabilið 1. júlí 1963 til 31. ágúst 1968 er kr. 5.695.-268.00. Ágreiningslaust sé, að stefnandi hafi fengið greitt upp í laun á tímabilinu kr. 2.757.578.70 og sé inneign stefnanda samkvæmt álit Hinriks því kr. 2.937.689.30, auk þessa reikni stefnandi sér full mánaðarlaun frá 1. september 1968 til 15. janúar 1970, þ. e. kr. 863.445.00, en frá þeim dragist inngreiðslur frá 1. september 1968 til 20. október s. á., kr. 157.353.25, og komi þannig út stefnukrafan, kr. 3.643.781.05.

Í málinu liggi ljóst fyrir, hvernig krafa þessi sé til orðin. Hreinn misskilningur hafi verið að setja stefnanda í 26. launaflokk í Kjara-dómi árið 1963, enda hafi stefnandi strax mótmælt því og ekki sagst mundu starfa upp á það. Samkvæmt gagnályktun frá 3. tl. 5. gr. laga nr. 55 frá 1962 og sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 38 frá 1954 hafi stefnandi ekki þurft að hlíta þessu, þar sem hann hafi haft hagkvæmari ráðningarsamning. Ráðningarsamningurinn hafi hins vegar þurft endurskoðunar við, þar sem viðmiðun hans um laun, þ. e. kjarasamningur Stéttarfélags verkfræðinga við ríkisstjórnina, hafi fallið niður. Launakjör stefnanda hafi þannig verið ófrágengin á þessum tíma og lausnin hafi loks verið að fá tvo

menn til að rannsaka þetta ofan í kjölinn og koma með álit, sem unnt væri að hafa til hliðsjónar. Síðan hafi ekkert verið gert, en viðurkennt sé af stjórnarformanni og stjórn verksmiðjunnar, að stefnandi eigi laun inni. Spurningin sé eingöngu: Hve mikið? Stefnandi telji sannað, að álit Hinriks sé réttlátt og sanngjarnt miðað við það, að bæði sé viðurkennt og sannað, hve mikinn vinnutíma stefnandi hafi unnið, og vitað sé, að hér hafi verið um mikið starf að ræða, sem tveir menn gegni nú eftir stefnanda. Í öllu falli megi líta svo á, að upplýst sé og sannað, að stjórn stefnda hafi talið sig skuldbundna eftir samkomulaginu, sem gert hafi verið í Borgarnesi. Þar hafi orðið samkomulag um, í fyrsta lagi, að farið skyldi eftir öllum atriðum í álit Hinriks og Hauks, sem þeir væru sammála um; í öðru lagi, að miða skyldi eftir- nætur og helgidagavinnutímalengd við álit Hinriks, en greiðslu pr. klukkustund við álit Hauks; og í þriðja lagi, að greiðslur fyrir gæsluvaktir færu eftir álit Hinriks varðandi taxa, en eftir álit Hinriks varðandi tímalengd. Stefnandi geri því þá varakröfu, að honum verði greitt samkvæmt þessu samkomulagi, sem reiknað hefur verið út hér í málinu á dskj. nr. 19, og sé varakrafa þessi gerð í því tilfelli, að dómurinn fallist ekki á, að sannað sé af stefnanda hálfu, að miða eigi við álit Hinriks Guðmundssonar óskert.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að álitssgerðin á dskj. nr. 3 hafi aldrei átt að vera annað en tilraun til málamiðlunar án allra skuldbindinga af stefnda hálfu og engin krafa verði á henni byggð. Mergurinn málsins sé sá, að stefnanda hafi á löglegan hátt með ákvörðun Kjaradóms verið skipað í 26. launaflokk ríkisstarfsmanna, og þess vegna hafi launakjör hans í raun og veru aldrei verið óljós. Þessu hafi stjórn stefnda ekki getað fengið breytt þrátt fyrir tilraunir í þá átt. Tilgangur laganna frá 1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafi einmitt verið sá að raða öllum starfsmönnum hins opinbera í flokka og stefnandi sé óumdeilanlega í þeim hópi. Í 1. gr. laganna sé skírt tekið fram, til hverra þau taki og til hverra ekki. Stefnandi hafi hins vegar fengið hærri laun en nefndur launaflokkur segir til um og gefið fullnaðarkvittun fyrir. Stefnandi geti ekki hvort tveggja neitað að taka laun samkvæmt launakerfi opinberra starfsmanna, en jafnframt byggt kröfur sínar um greiðslu fyrir gæsluvaktir á því sama kerfi. Þegar athuguð sé álitssgerðin á dskj. nr. 3, komi í ljós, að stefnandi hafi fengið hærri laun fyrir árin 1963, 1964 og 1965 en Haukur Jónsson reikni honum í álitssgerðinni. Mismunurinn komi fyrst fram á árinu 1966 og virðist hann fyrst og fremst

fólginn í eftirvinnu, sem stefnandi reikni sér, svo og hinum svo-nefndu gæsluvöktum. Alltaf sé erfitt að meta eftirvinnu forstjóra fyrirtækis og vottorð undirmanna um slíkt séu lítils virði. Einnig er því mótmælt af stefnda hálfu, að forstjóri fyrirtækis geti komið eftir mörg ár og krafist annarra og hærri launa en hann hefur veitt viðtöku og kvittað fyrirvaralaust fyrir, eins og sýnishorn af launakvittunum hér í málinu beri með sér. Einnig mótmælir stefndi því, að stefnandi eigi rétt á fullum launum frá 1. september 1968 til 15. janúar 1970, þar sem stefnandi eigi aðeins rétt á hálfum launum, meðan rannsóknin fór fram. Stefndi bendir á, að samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laganna nr. 38 frá 1954 sé ríkisvaldinu ávallt heimilt að breyta launakjörum, hafi það ekki verið bundið við annað. Því sé ekki mótmælt í þessu máli, að stefnandi hafi verið ráðinn samkvæmt sérstökum ráðningarsamningi, en hitt sé víst, að viðmiðun ráðningarsamningsins, þ. e. kjarasamningur Stéttarfélags verkfræðinga við ríkisstjórnina, hafi ekki verið lengur til og þess vegna hafi Kjaradómur ekki gengið í berhögð við ráðningarsamning stefnanda varðandi laun hans.

Niðurstaða.

Í máli þessu er upplýst, að laun stefnanda hjá stefnda fóru eftir samningi Stéttarfélags verkfræðinga við ríkisstjórnina og að þetta var ákveðið með samningi milli stefnanda og stjórnar stefnda, gerðum 1955. Samningur Stéttarfélags verkfræðinga við ríkisstjórnina var ekki til frá 1961, en ljóst er þó, að ráðningarsamningur stefnanda var ekki niður fallinn, og ekki var honum sagt upp. Vegna röskunar þessarar var full ástæða fyrir stefnanda og stjórn stefnda að ræða á ný um launakjör stefnanda, og er upplýst, að það stóð alltaf til að gera það. Stefnandi var með dómi Kjaradóms frá 3. júlí 1963 settur í 26. launaflokk ríkisstarfsmanna og ákveðið þar með, að hann skyldi fá kr. 17.890.00 í mánaðarlaun. Kjaradeila verkfræðinga var leyst hinn 28. október 1963 með uppkvaðningu gerðardóms, en samkvæmt honum hefði stefnandi átt að fá kr. 18.830.00 í mánaðarlaun. Hins vegar er upplýst, að með samkomulagi við stjórn stefnda hafi stefnandi fengið fyrir venjulegan dagvinnutíma laun yfirverkfræðings samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags verkfræðinga með 25% álagi, og er þessi grundvallartala notuð í álit tvímenninganna á dskj. nr. 3 og hefur ekki sætt andmælum. Þeir telja þannig t. d., að stefnanda beri fyrir júlímánuð 1963 kr. 18.830.00 með 25% álagi, eða kr. 23.538.00. Þegar þessar tölur eru virtar, verður að telja, að slíkur munur sé á, að samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 38 frá

1954 og 3. tl. 5. gr. laga nr. 55 frá 1962, e contrario, hafi stefnandi ekki þurft að hlíta þeim breytingum á launakjörum sínum, sem ákveðin voru í Kjaradómi. Þegar þetta er virt, verður á það fallist með stefnanda, að launakjör hans hafi ekki verið bundin með Kjaradómi 1963.

Fullt samkomulag var milli stjórnar stefnda og stefnanda að hafa þá tilhögun, að tveir kunnáttumenn skyldu athuga gaumgæfilega, hvaða laun hann hefði réttilega átt að fá greidd á umræddu tímabili. Álitsgefendur urðu sammála um, hvaða laun stefnanda bæri í dagvinnu, en þá greindi bæði á um lengd eftir-, nætur- og helgidagavinnu og taxta fyrir slíka vinnu svo og um lengd svo-nefndra gæsluvakta.

Gegn mótmælum stefnda er ósannað, að álit Hinriks Guðmundssonar sé eðlileg og sanngjörn niðurstaða og þannig bindandi fyrir stefnda.

Þá er að athuga þá fullyrðingu stefnanda, að stjórn stefnda hafi bundið sig með samkomulagi, sem gert hafi verið í Borgarnesi á fundi stefnanda og þriggja stjórnarmanna. Með framburðum vitnanna Jóns Árnasonar og Inga R. Helgasonar verður að telja nægilega í ljós leitt, að þarna á fundinum hafi náðst samkomulag um meginlínur, en gegn mótmælum stefnda er ekki unnt að telja, að þar sé um bindandi ákvörðun fyrir stjórn stefnda að ræða.

Þegar þetta er virt svo og framburðir aðilja og vitna hér fyrir dóminum, sérstaklega um vinnutímalengd stefnanda og samninga-umleitanir um kjör hans, en einnig virt, að sönnunarbyrði um fjárhæð kröfu stefnanda hlýtur að liggja á honum sjálfum, verður að telja, að leggja beri til grundvallar þá niðurstöðu í áliti tvímenninganna, sem er stefnanda í óhag, þ. e. niðurstöðu Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns, enda er unnt að telja, að hún sé í heild sanngjörn. Að áliti Hauks Jónssonar átti stefnandi inni hjá stefnda hinn 31. ágúst 1968 kr. 1.394.006.30, og verður stefnanda dæmd sú fjárhæð.

Stefnandi krefst fullra launa frá 1. september 1968 til 15. janúar 1970, kr. 863.445.00. Stefndi mótmælir þessari kröfu sérstaklega, og bendir á, að samkvæmt 9. gr. laga nr. 38 frá 1954 eigi stefnandi einungis rétt á hálfum launum þetta tímabil. Á þetta sjónarmið stefnda verður fallist. Þar sem talan 863.445.00 er óumdeild, eru hálf laun stefnanda á þessum tíma kr. 431.772.50. Frá þessari fjárhæð dregst inngreiðsla á laun, kr. 157.353.25, þannig að eftirstöðvar verða kr. 274.369.25. Samkvæmt þessu á stefnandi að fá greiddar kr. 1.394.006.30 + kr. 274.369.25, eða kr. 1.668.375.55,

og verður honum dæmd þessi fjárhæð með vöxtum frá þeim dögum, sem krafist er í stefnu, en vextir þykja hæfilega ákveðnir 7% ársvextir.

Eftir þessari niðurstöðu verður málskostnaður látinn niður falla. Garðar Gíslason setudómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sementsverksmiðja ríkisins, greiði stefnanda, Jóni E. Vestdal, kr. 1.668.375.55 með 7% ársvöxtum af kr. 1.394.-006.30 frá 31. ágúst 1968 til 15. janúar 1970 og af kr. 1.668.-375.55 frá þeim degi til greiðsludags, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 10. apríl 1974.

Nr. 46/1973: Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson fulltrúi saksóknara ríkisins,
sbr. 181. gr. laga nr. 73/1973)
gegn

Gunnari Helga Ólafssyni

(Jónas Aðalsteinsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Skipsstrand. Brot í opinberu starfi. Ákæra.
Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í máli þessu.

Við framhaldspróf kom m. a. fyrir dóm Guðmundur Kjærnested, skipherra á varðskipinu Ægi, og skýrði frá reynslu sinni af stjórn Ægis. Taldi hann, að þegar aðeins önn-